

## AUGLÝSING

### um starfsreglur um breyting á starfsreglum um presta nr. 735/1998.

#### „STARFSREGLUR

#### um breyting á starfsreglum um presta nr. 735/1998.

##### 1. gr.

Við 5. ml. 15. gr. bætist þegar fleiri en ein sóknarnefnd á í hlut.

Við 15. gr. bætist ný mgr. svohljóðandi: Sé ákveðið að auglýsa embætti prests er þjóni í fleiri en einu prestakalli skulu sóknarnefndir í þeim prestaköllum velja sameiginlega níu manna valnefnd við val á presti til starfa í þeim prestaköllum. Við val á fulltrúum í þá valnefnd skal taka tillit til skiptingar á starfi prestsins og fjölda sóknarbarna í viðkomandi prestaköllum. Prófastur er formaður hinnar sameiginlegu valnefndar og gilda um störf hennar sömu reglur og um valnefndir prestakalla eins og við getur átt. Umboð sameiginlegrar valnefndar fellur niður þegar nefndin hefur lokið störfum.

##### 2. gr.

Við 17. gr. bætist nýr 3. málslíður svohljóðandi: Við val á sóknarpresti skal auk þess líta til reynslu og hæfni í stjórnarstörfum.

##### 3. gr.

42. gr. orðist svo: Þar sem prestar eru fleiri en einn í prestakalli skulu þeir, undir forustu sóknarprests, skipta formlega með sér verkum samkvæmt því sem nánar er getið í starfsreglum þessum. Skulu þeir gera prófasti og sóknarnefnd grein fyrir því skriflega. Prófastur hlutast til um ef þetta er ekki gert.

##### 4. gr.

45. gr. orðist svo:

Nú koma fram ásakanir á hendur presti um refsiverða háttsemi og samkomulag tekst um að hann sé í leyfi meðan á rannsókn stendur og er þá biskupi heimilt að áskilja í því samkomulagi að presturinn veiti ekki tiltekna prestsþjónustu á meðan á leyfi stendur.

##### 5. gr.

Núverandi 45. gr. verður 46. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með stoð í lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 5. nóvember 2008.*

Pétur Kr. Hafstein,  
forseti kirkjuþings

Dagný Halla Tómasdóttir  
þingskrifari“

Nr. 1073

5. nóvember 2008

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

*Reykjavík, 5. nóvember 2008.*

F.h. kirkjuráðs,

**Karl Sigurbjörnsson**, forseti kirkjuráðs.

---

B-deild – Útgáfud.: 25. nóvember 2008